

| | | |
|---------------|--|---|
| | I EES-STOFNANIR | |
| | 1. Sameiginlega EES-nefndin | |
| | II EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. Eftirlitsstofnun EFTA | |
| | 3. EFTA-dómstóllinn | |
| 2017/EES/8/01 | Úrskurður dómstólsins frá 31. mars 2016 í máli E-4/15 – Samtök fjármálafyrirtækja gegn Eftirlitsstofnun EFTA | 1 |
| 2017/EES/8/02 | Dómur dómstólsins frá 19. apríl 2016 í máli E-14/15 – Holship Norge AS gegn Norsk Transportarbeiderforbund | 1 |
| | III ESB-STOFNANIR | |
| | 1. Framkvæmdastjórnin | |
| 2017/EES/8/03 | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8196 – INEOS/Arkema Assets) | 3 |
| 2017/EES/8/04 | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8239 – NKT Holding A/S/ABB high voltage cable business) | 4 |
| 2017/EES/8/05 | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8315 – Siemens/Mentor Graphics) | 5 |
| 2017/EES/8/06 | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8357 – Asahi/AB InBev CEE Divestment Business) | 6 |
| 2017/EES/8/07 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8056 – EPH/PPF Investments/Vattenfall Generation/Vattenfall Mining) | 7 |
| 2017/EES/8/08 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8198 – Alliance Automotive Group/FPS Distribution) | 7 |
| 2017/EES/8/09 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8271 – Hitachi Chemical Company/FIAMM/JV) | 8 |

| | | |
|----------------------|--|-----------|
| 2017/EES/8/10 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8307 – EP Investment/EP Investment II/EPH) | 8 |
| 2017/EES/8/11 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8311 – Altor Fund IV/Transcom WorldWide AB) | 9 |
| 2017/EES/8/12 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8316 – Advent/Brammer) | 9 |
| 2017/EES/8/13 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8327 – Fairfax/Sagard Holdings/PSG) | 10 |
| 2017/EES/8/14 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8328 – The Cerberus Group/Staples Europe) | 10 |
| 2017/EES/8/15 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8340 – Riverstone/AMCI/Fitzroy) | 11 |
| 2017/EES/8/16 | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug með farm og póst | 12 |
| 2017/EES/8/17 | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi með farm og póst í samræmi við almannaþjónustukvaðir | 12 |
| 2017/EES/8/18 | Auglýst eftir tillögum – EACEA/04/2017 samkvæmt áætluninni Erasmus+ – Lykilaðgerð 2 – Samstarf um nýsköpun og skipti á góðum starfsvenjum – Samstarf um færni innan tiltekinnar atvinnugreinar | 13 |
| 2017/EES/8/19 | Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum | 13 |

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

ÚRSKURÐUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/8/01

frá 31. mars 2016

í máli E-4/15

Samtök fjármálafyrirtækja gegn Eftirlitsstofnun EFTA

(Málssókn til ógildingar á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA – Ríkisaðstoð – Mál tækt til efnismeðferðar – Aðild – Aðildarhæfi samtaka)

Í máli E-4/15: Hinn 31. mars úrskurðaði dómstóllinn í máli Samtaka fjármálafyrirtækja gegn Eftirlitsstofnun EFTA – KRAFA um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 298/14/COL frá 16. júlí 2014, kunngerð í Stjtið. ESB C 400, 13.11.2014, bls. 13 og EES-viðbæti nr. 66, 13.11.2014, bls. 1 („ákvörðunin sem ágreiningur ríkir um“), um að hætta rannsókn á máli sem varðar yfirstandandi aðstoð við Íbúðalánasjóð. Dóminn skipuðu dómaramarnir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Kröfunni er vísað frá þar sem hún er ekki tæk til efnislegrar meðferðar.
2. Samtökum fjármálafyrirtækja er gert að greiða eigin málskostnað og málskostnað Eftirlitsstofnunar EFTA.
3. Íslenska ríkinu er gert að greiða eigin málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/8/02

frá 19. apríl 2016

í máli E-14/15

Holship Norge AS

gegn

Norsk Transportarbeiderforbund

(31. gr., 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins – Samkeppnisréttur – Kjarasamningar – Sameiginlegar aðgerðir – Staðfesturéttur)

Hinn 19. apríl 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-14/15 Holship Norge AS gegn *Norsk Transportarbeiderforbund* – BEIÐNI *Norges Høyesterett* (Hæstaréttar Noregs) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á EES-samningnum, einkum 31. gr., 53. gr. og 54. gr. Dóminn skipuðu dómaramarnir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Undanþágan frá samkeppnisreglum EES-samningsins sem gildir um kjarasamninga tekur ekki til mats á forgangsákvæði á borð við það sem deilt er um, eða beitingar viðskiptabanns gagnvart notanda hafnar í því skyni að knýja fram samþykki á kjarasamningi þar sem slíkt samþykki felur í sér að notanda hafnarinnar er gert skylt að kaupa upp- og útskipun af aðskildu fyrirtæki, á borð við stjórnsýsluskrifstofuna sem um ræðir, í stað þess að nota eigin starfsmenn til verksins.
2. Ákvæði 53. og 54. gr. gætu átt við kerfið sem hér um ræðir, sameiginlega eða hvor um sig.

3. Ekki er litið á höfn á borð við þá sem um ræðir sem verulegan hluta af EES-svæðinu og þarf að taka með í reikninginn samskonar eða samsvarandi kerfi stjórnsýsluskrifstofa sem kunna að vera fyrir hendi í öðrum höfnum til þess að ákvarða hvort markaðsráðandi staða telst vera fyrir hendi á landfræðilegum markaði sem er hluti EES-svæðisins eða verulegum hluta þess svæðis.
4. Viðskiptabann eins og um ræðir sem sett er á til að knýja fram samþykki á kjarasamningi sem kveður á um kerfi sem felur í sér forgangsrétt, er líklegt til þess að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir staðfestu fyrirtækja úr öðrum ríkjum innan EES og fæli með því í sér takmörkun á staðfesturétti skv. 31. gr. EES-samningsins.
5. Hefur það enga þýðingu við mat á því hvort takmörkun er fyrir hendi, ef þörf fyrirtækisins fyrir losunar- og lestunarþjónustu er mjög takmörkuð og/eða óregluleg.
6. Við aðstæður eins og þær sem um ræðir í málarekstrinum sem er fyrirbyggjandi hefur það ekki þýðingu hvað varðar mat á lögmæti takmörkunarinnar að fyrirtækið, sem viðskiptabannið beinist gegn, beiti öðrum kjarasamningi um sína hafnarstarfsmenn.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/8/03

(mál M.8196 – INEOS/Arkema Assets)

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu og í kjölfar vísunar skv. 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðarinnar þar sem INEOS Chemical Holdings Luxembourg SA, sem lýtur yfirráðum svissneska fyrirtækisins INEOS Group AG („INEOS“) öðlast með hlutafjárkaupum og kaupum á eignum, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu Oxochimie SA og tilteknum öðrum eignum, sem eru, sem stendur, í eigu franska fyrirtækisins Arkema (einu nafni „Arkema Assets“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - INEOS: framleiðsla víða um heim á efnum sem eru unnin úr jarðolíu, sénotaíðefnum og olíuafurðum, þ.m.t. oxó-alkóhól (m.a. bútýraldehýð, bútanól og 2-etylhexanól) og afleidd leysiefni þeirra (m.a. bútýlasetat og bútýlglýkóleterar).
 - Arkema Assets: framleiðsla og sala á oxó-alkóhólum á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 35, 3.2.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8196 – INEOS/Arkema Assets og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“)

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8239 – NKT Holding A/S/ABB high voltage cable business)

2017/EES/8/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið NKT Holding A/S öðlast með hlutafjárkaupum, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænska fyrirtækinu ABB's high voltage cable business.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - NKT: starfar, fyrir tilstuðlan NKT-rekstrareiningar sinnar, á sviði framleiðslu og sölu á lausnum fyrir rafmagnskapla með lágspennu, miðlungsspennu og háspennu sem eru notaðir innan járnbrauta- og byggingageirans, í búnað fyrir kafbáta og neðanjarðarbúnað.
 - ABB: ABB's high voltage cable business sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á rafmagnskaplakerfum með háspennu og fylgihlutum fyrir rafmagnskapla til nota í rafmagnstengivirkjum, neðansjávar- og neðanjarðarbúnaði.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 27, 27.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8239 – NKT Holding A/S/ABB high voltage cable business og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8315 – Siemens/Mentor Graphics)

2017/EES/8/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Siemens AG („Siemens“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Mentor Graphics Corporation („Mentor“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Siemens: þýskt verðbréfafyrirtæki sem starfar innan ýmissa atvinnugreina, m.a. PLM-hugbúnaðargeirans (Product Lifecycle Management – Stjórnun á lífsferli vöru eða þjónustu).
 - Mentor: kauphallarskráð fyrirtæki sem starfar á sviði stjórnunar á lífsferli vöru eða þjónustu og býður lausnir í tengslum við hönnun rafeindavél- og -hugbúnaðar, m.a. hugbúnað, ráðgjafþjónustu og tæknilegan stuðning við rafeinda-, hálfleiðara- og kerfisfyrirtæki.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 27, 27.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8315 – Siemens/Mentor Graphics og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8357 – Asahi/AB InBev CEE Divestment Business)

2017/EES/8/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem japanska fyrirtækið Asahi Group Holdings, Ltd. („Asahi Group“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í starfsemi sem tekur til tiltekinna vörumerkja og eigna sem eru, sem stendur, hluti af belgiska fyrirtækinu Anheuser-Busch InBev NV/SA („AB InBev“) í Tékklandi, Ungverjalandi, Póllandi, Rúmeníu og Slóvakíu („AB InBev CEE starfsemin“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Asahi Group: framleiðsla áfengra drykkja, óáfengra drykkja og matvæla. Framleiðsla bjórs er kjarnastarfsemi fyrirtækisins.
 - AB InBev CEE starfsemin: tiltekin vörumerki bjórs og eignir sem eru, sem stendur, hluti af AB InBev í Tékklandi, Ungverjalandi, Póllandi, Rúmeníu og Slóvakíu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 35, 3.2.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8357 – Asahi/AB InBev CEE Divestment Business og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8056 – EPH/PPF Investments/Vattenfall Generation/Vattenfall Mining)**

2017/EES/8/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. september 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32016M8056. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8198 – Alliance Automotive Group/FPS Distribution)**

2017/EES/8/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32016M8198. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8271 – Hitachi Chemical Company/FIAMM/JV)**

2017/EES/8/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8271. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8307 – EP Investment/EP Investment II/EPH)**

2017/EES/8/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8307. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8311 – Altor Fund IV/Transcom WorldWide AB)**

2017/EES/8/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8311. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8316 – Advent/Brammer)**

2017/EES/8/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8316. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8327 – Fairfax/Sagard Holdings/PSG)**

2017/EES/8/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8327. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8328 – The Cerberus Group/Staples Europe)**

2017/EES/8/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8328. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8340 – Riverstone/AMCI/Fitzroy)**

2017/EES/8/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8340. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar
reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

2017/EES/8/16

Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug með farm og póst

| | |
|---|---|
| Aðildarríki | Portúgal |
| Flugleið | Lisbon-Terceira-Ponta Delgada-Lisbon eða Lisbon-Ponta Delgada-Terceira-Lisbon |
| Gildistökudagur almannaþjónustukvaða | Frá og með 1. apríl 2017 |
| Póstáritun svo unnt sé að nálgast textann og allar viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannaþjónustukvaðirnar | Öll skjöl er að finna á: http://www.saphety.com og hjá Flugmálastjórn Portúgals: concurso.osp@anac.pt Nánari upplýsingar veitir: Ministry of Planning and Infrastructure Office of the Secretary of State for Infrastructure Av. Barbosa do Bocage n° 5 – 2° andar 1049-039 1414 Lisbon PORTUGAL Netfang: gab.infraestruturas@mpi.gov.pt |

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar
reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

2017/EES/8/17

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi með farm og póst í samræmi við almannaþjónustukvaðir

| | |
|--|--|
| Aðildarríki | Portúgal |
| Flugleið | Lisbon-Terceira-Ponta Delgada-Lisbon eða Lisbon-Ponta Delgada-Terceira-Lisbon |
| Samningstími | 3 ár frá upphafi starfseminnar |
| Umsóknarfrestur | 63 dögum frá því að útboðsauglýsing þessi birtist (Stjtúð. ESB C 26, 26.1.2017, bls. 6). |
| Texti útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannaþjónustukvaðirnar, er afhentur eftir beiðni | Öll skjöl er að finna á: http://www.saphety.com og hjá Flugmálastjórn Portúgals: concurso.osp@anac.pt Nánari upplýsingar veitir: Ministry of Planning and Infrastructure Office of the Secretary of State for Infrastructure Av. Barbosa do Bocage n° 5 – 2° andar 1049-039 1414 Lisbon PORTUGAL Netfang: gab.infraestruturas@mpi.gov.pt |

AUGLÝST EFTIR TILLÖGUM – EACEA/04/2017

2017/EES/8/18

samkvæmt áætluninni Erasmus+

Lykilaðgerð 2 – Samstarf um nýsköpun og skipti á góðum starfsvenjum

Samstarf um færni innan tiltekinnar atvinnugreinar

Markmið og lýsing

Samstarf um færni innan tiltekinnar atvinnugreinar miðar að því að brúa bilið milli munar á færni að því er varðar eina eða fleiri lýsingar á starfshæfni innan tiltekinnar atvinnugreinar. Þetta felur í sér að auðkenna núverandi eða nýtilkomnar þarfir (eftirspurn) tiltekinnar atvinnugreinar innan vinnumarkaðarins og með því að efla viðbrögð fyrstu og áframhaldandi starfsmenntunarkerfa, á öllum stigum, við þörfum markaðarins (framboð). Að fenginni reynslu að þörf sé á færni styður samstarf um færni innan tiltekinnar atvinnugreinar við þróun og dreifingu fjölbjóðlegs námsefnis um starfsmenntun svo og kennslu- og þjálfunaraðferða í tengslum við lýsingu á grunnstarfsgreinum í Evrópu.

Samstarf um færni innan tiltekinnar atvinnugreinar í tengslum við kerfisbundið samstarf atvinnugreina auðkennir færni og þróar markvissar aðgerðir til að svara framboði á og eftirspurn eftir færni í því skyni að stuðla að markvissum heildarvexti innan tiltekinnar atvinnugreinar.

Nánari upplýsingar um hlutgengisviðmið, hlutgenga starfsemi, úthlutunarviðmið og fjárveitingu, sjá auglýsingu í Stjtið. ESB C 26, 26.1.2017, bls. 8.

Hlutgeng lönd eru:

lönd sem eru aðilar að Erasmus+ áætluninni:

- hin 28 aðildarríki Evrópusambandsins,
- lönd sem eru ekki aðilar að ESB en eiga aðild að áætluninni: Makedónía (fyrrum lýðveldi í Júgóslavíu), Ísland, Liechtenstein, Noregur, Tyrkland.

Umsóknarfrestur

Umsóknir verður að leggja fram eigi síðar en klukkan 12 á hádegis (að Brussel-tíma) hinn 2. maí 2017.

Nánari upplýsingar

Leiðbeiningar ásamt rafrænum umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi vefslóð:

https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/sector-skills-alliances-2017_en

Umsóknirnar verða að fullnægja öllum skilmálum leiðbeininganna.

Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum

2017/EES/8/19

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. desember til 31. desember 2016, sjá Stjtið. ESB C 28, 27.1.2017, bls. 1 og bls. 11.